

Fundur stjórnar Íshökkísambands Íslands

Miðvikudagurinn 18. júní 2025, klukkan 17:00

Fundarstaður: Engjavegur 6 auk Teams fjarfundar.

Mættir voru: Helgi Páll Þórisson formaður, (HP), Guðlaug Ingibjörg Þorsteinsdóttir (GIP), Sigrún Agata (SA), Jóhannes Ævar Jónsson (JÆJ), Kristján Heiðar Kristjánsson (KHK), Vilhelm Bjarnason (VB), og Viðar Garðarsson (VG) framkvæmdastjóri sem ritaði fundargerð.

Fjarverandi: Pétur Andreas Maack (PM), Brynja Vignisdóttir (BV)

Fundargerð síðastu funda var birt á Slack svæði stjórnar þar sem stjórnarfolk gat lesið þær yfir og gert athugasemdir. Engar athugasemdir bárust á Slack, en við upphaf fundar bentu JÆJ og KHK á að ruglingur hefði verið á upptalningu hverir voru mættir og hverjir ekki, þar sem finna mátti sama nafn bæði skráð mætt og fjarverandi í haus annarar þeirrar fundargerðar sem til samþykktar var. Ekki var gerð athugasemd við fundargerðina sjálfa og voru fundargerðirnar báðar frá 14. maí og 31. maí samþykktar samhljóða, fundarritari var beðin um leiðréttingu á haus.

Á þessum stjórnarfundum lágu frammi til samþykktar stjórnar, þær reglugerðarbreytingar sem íshökkíping vísaði til stjórnar. Líkt og lofað var á þingi ákvað stjórn sambandsins að setja saman samráðshóp sem myndi fara yfir þessar reglugerðir og finna þeim farveg sem allir gætu verið sáttir við. Ákveðið var að HP yrði fulltrúi stjórnar ÍHÍ í þessum samráðshóp og framkvæmdastjóri starfsmaður hópsins. Í kjölfarið var óskað eftir tilnefningum frá aðildarfélögum. Eftirtaldir voru tilnefndir.

Bjarni Helgason fyrir SR

Einar Sveinn Guðnason fyrir Fjölni

Sigurður Sveinn Sigurðsson fyrir SA

Þórhallur Viðarsson fyrir SFH

Hópurinn tók strax til starfa og tillögur hans varðandi eftirfarandi reglugerðir lágu fyrir fundinum eftir yfirferð og samráð.

Reglugerð númer 8 um aganefnd

Reglugerð númer 9 um félagaskipti.

Reglugerð númer 13 um íslandsmótið í íshokki

Reglugerð númer 15 um lánssamninga

Reglugerð númer 16 um þátttökugjald í íslandsmóti

Eftir að HP og VG höfðu gert grein fyrir starfi samráðshópsins voru ofantaldar reglugerðir samþykktar og staðfestar samhljóða af stjórn sambandsins óbreyttar frá samráðshópnum.

Ræddar voru tilnefningar í aganefnd. VG upplýsti að Árni Geir Jónsson fyrrum formaður sambandsins væri tilbúin að taka að sér formennsku í aganefndinni áfram. Einnig var VG búin að ræða við Birki Árnason um að koma í nefndina og var hann tilbúin til þess. Hanna Heimisdóttir liggur undir feld og er að hugleiða hvort hún er til í að taka eitt tímabil til viðbótar. Aganefndin er skipuð 3 aðalmönnum og 2 til vara. Stjórnin er sammála um að reyna að skipa þennan fimm manna hópa þannig að í honum séu 3 karlar og 2 konur. Stjórnin setti saman óskalista yfir aðila sem framkvæmdastjóra var falið að setja sig í samband við til þess að manna nefndina. Málinu vísað til næsta fundar til staðfestingar.

Næsti fundur stjórnar var ákveðin 7. ágúst vegna komandi sumarleyfistíma. HP sendir fljótt fundarboð en dagskrá kemur síðar.

Undir liðnum önnur mál voru eftirfarandi málefni rædd.

Ljóst er að kröfur IIHF um námskeið og fræðslu eru sífellt að aukast og eru orðin hluti af minnum participation standards (MPS) Ákveðið var að Vilhelm Már Bjarnason myndi taka að sér að halda utanum og stýra fræðslumálum ÍHÍ.

Talstöðvarmál dómara voru rædd og ákveðið var að skoða málið aðeins nánar og m.a. tók framkvæmdastjóri að sér að kanna hvaða útbúnað KSÍ og HSÍ eru að nota. Málið tekið upp á næsta fundi.

Ljóst er að ÍHÍ þarf að klára að skrifa eða uppfæra afreksstefnu sína á haustdögum. VG leiðir málið og verður það til umfjöllunar eftir að sumarleyfum lýkur.